

Ríkissaksóknari
06 301

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ríkissaksóknari
kt. 530175-0229
Suðurlandsbraut 4, 6.hæð
108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Hann er skipaður af ráðherra ótímabundið og skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, sem skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og er einnig skipaður ótímabundið, saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 09 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 326,5 milljónir og afkoma kr. 5,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 26,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 68,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkissaksóknara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissaksóknara fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
Ríkissaksóknari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	323.300.000	315.600.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	0	1.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.154.467	2.755.012
Tekjur samtals		<u>326.454.467</u>	<u>320.255.012</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	276.497.844	237.001.850
Annar rekstrarkostnaður	5	40.920.429	46.753.120
Afskriftir	6	3.154.467	2.755.012
Gjöld samtals		<u>320.572.740</u>	<u>286.509.982</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		5.881.727	33.745.030
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(44.967)	(12.168)
		<u>(44.967)</u>	<u>(12.168)</u>
Afkoma ársins		<u><u>5.836.760</u></u>	<u><u>33.732.862</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		10.857.071	13.451.347
Aðrar eignir		9.351	13.773
		<u>10.866.422</u>	<u>13.465.120</u>
Fastafjármunir samtals		<u>10.866.422</u>	<u>13.465.120</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	8	55.710.548	66.647.653
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	79.403
Handbært fé	9	1.923.469	1.952.143
		<u>57.634.017</u>	<u>68.679.199</u>
Veltufjármunir samtals		<u>57.634.017</u>	<u>68.679.199</u>
Eignir samtals		<u>68.500.439</u>	<u>82.144.319</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		26.379.872	41.541.774
		<u>26.379.872</u>	<u>41.541.774</u>
Eigið fé samtals		<u>26.379.872</u>	<u>41.541.774</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	1.531.120	0
Viðskiptaskuldir		882.185	9.387.223
Ýmsar skammtímaskuldir	11	30.262.353	19.915.946
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	9.444.909	11.299.376
		<u>42.120.567</u>	<u>40.602.545</u>
Skuldir samtals		<u>42.120.567</u>	<u>40.602.545</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>68.500.439</u>	<u>82.144.319</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		5.836.760	33.732.862
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	3.154.467	2.755.012
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.154.467)	(2.755.012)
		<u>5.836.760</u>	<u>33.732.862</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		79.403	(79.403)
Tengdir aðilar		12.468.225	
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>1.841.369</u>	<u>4.731.247</u>
		<u>14.388.997</u>	<u>4.651.844</u>
		<u>20.225.757</u>	<u>38.384.706</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	<u>(555.769)</u>	<u>(3.465.744)</u>
		(555.769)	(3.465.744)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins			
Tengdir aðilar		(20.998.662)	0
Fjárfestingarframlag			(36.188.021)
		<u>1.300.000</u>	<u>1.300.000</u>
		<u>(19.698.662)</u>	<u>(34.888.021)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(28.674)	30.941
		<u>1.952.143</u>	<u>1.921.202</u>
		<u>1.923.469</u>	<u>1.952.143</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	323.300.000	316.900.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(1.300.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	323.300.000	315.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.154.467	2.755.012
	<u>326.454.467</u>	<u>318.355.012</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	323.300.000	0	0	323.300.000
Fjárveiting til tekna	323.300.000	0	0	323.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(317.463.240)	0	0	(317.463.240)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	5.836.760	0	0	5.836.760

	2019	2018
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	0	1.900.000
	<u>0</u>	<u>1.900.000</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	214.941.319	193.861.641
Orlof, breyting	10.110.169	(2.730.993)
Launatengd gjöld	48.846.299	44.452.438
Starfsmannakostnaður	2.600.057	1.418.764
	<u>276.497.844</u>	<u>237.001.850</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	13,6	14,0

Skýringar

	2019	2018
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	636.556	645.071
Byggingarvörur, almennar	1.370	0
Ýmis tæki og áhöld	69.790	194.727
Orkugjafir	260.271	237.611
Matvæli	1.582.224	2.030.546
Almennar rekstrarvörur	96.074	242.448
Vörukaup, almenn	2.646.285	3.350.403
Fundir, námskeið, risna	914.237	1.082.548
Ferðir, uppihald	1.889.484	1.327.484
Akstur	742.106	585.587
Sérfræðipjónusta	1.560.655	6.828.592
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	39.139	32.635
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	836.311	801.686
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.731.153	3.165.983
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	9.713.085	13.824.515
Afnotagjöld	1.374.426	1.367.903
Leigugjöld	16.164.322	15.736.378
Notkun véla og flutningatækja	0	145.070
Verkkaup	2.962.488	5.946.907
Kostnaðarhlutdeild	8.059.823	6.381.469
Opinber gjöld	0	475
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	28.561.059	29.578.202
Annar rekstrarkostnaður samtals	40.920.429	46.753.120

	2019	2018
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	3.150.045	2.750.590
Aðrar eignir	4.422	4.422
	3.154.467	2.755.012
	31.12.2019	31.12.2018
7 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	10.857.071	13.451.347
Aðrar eignir	9.351	13.773
	10.866.422	13.465.120

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	20.893.890	0	44.224	20.938.114
Viðbætur á árinu	555.769	0	0	555.769
	21.449.659	0	44.224	21.493.883
Afskriftir 1.1.2019	7.442.543	0	30.451	7.472.994
Afskrift ársins	3.150.045	0	4.422	3.154.467
	10.592.588	0	34.873	10.627.461
Staða 31.12.2019	10.857.071	0	9.351	10.866.422

Skýringar

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	55.710.548	45.975.582
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga		20.672.071
	<u>55.710.548</u>	<u>66.647.653</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.531.120	
	<u>1.531.120</u>	<u>0</u>

9 Handbært fé

Tékkareikningar	1.923.469	1.952.143
	<u>1.923.469</u>	<u>1.952.143</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	41.541.774	7.808.912
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(20.998.662)	0
Afkoma ársins	5.836.760	33.732.862
Jöfnuður 31.12.	<u>26.379.872</u>	<u>41.541.774</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	29.679.527	19.569.358
Ógreidd laun	260.400	
Önnur ógreidd gjöld	322.426	346.588
	<u>30.262.353</u>	<u>19.915.946</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	10.866.422	13.465.120
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ..	(1.421.513)	(2.165.744)
	<u>9.444.909</u>	<u>11.299.376</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	13.465.120	(2.165.744)	11.299.376
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.300.000	1.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	555.769	(555.769)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(3.154.467)</u>	<u>0</u>	<u>(3.154.467)</u>
	<u>10.866.422</u>	<u>(1.421.513)</u>	<u>9.444.909</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 2,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2025 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 16,4 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 7,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.